

**AUGLÝSING**  
**um (8.) breytingu á gjaldskrá nr. 535/2015**  
**fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.**

1. gr.

Á eftir 29. gr. gjaldskrárinnar kemur ný grein, 29. gr. a, svohljóðandi:

*Umhverfistjón.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af rekstraraðila, sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni, vegna kostnaðar við eftirlit, vöktun, vinnuframlag, málsmeðferð og ferðakostnað, auk annars útlagðs kostnaðar stofnunarinnar, sbr. 30. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Greiða skal tímagjald skv. 1. gr. vegna eftirlits, vöktunar og málsmeðferðar. Að auki skal greiða ferðakostnað skv. 2. gr. Þá skal rekstraraðili greiða allan annan útlagðan kostnað stofnunarinnar skv. lögum um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012.

Umhverfisstofnun skal við upphaf máls gera rekstraraðila grein fyrir því að stofnunin muni innheimta gjald vegna vinnu sinnar skv. grein þessari. Stofnunin skal einnig gera rekstraraðila reglulega grein fyrir uppsöfnuðum kostnaði stofnunarinnar.

2. gr.

3. og 4. mgr. 46. gr. gjaldskrárinnar falla brott.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 16. júní 2021.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Sigríður Svana Helgadóttir.*